


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Jesús og Lasarus



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 52 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

María og Marta
voru áhyggjufullar.
Lasarus, bróðir
þeirra, var alvarlega
veikur og væntu
þær að hann mundi
deyja bráðlega.




1

Jesús elskaði þessa
litlu fjölskyldu frá
Betaníu. Þær sendu
eftir honum.




2


Pegar Jesús heyrði um Lasarus, sagði hann lærisveinum sínum að hann mundi lifa af veikindin. Þó að Jesús væri í margra mílna fjarlægð, vissi hann nákvæmlega hvernig þetta mundi enda.



Jesús var um kyrrt í tvo daga áður en hann fór til Betaníu.



Þá sagði hann við lærisveina sína, "Lasarus er dáinn, og ykkar vegna gleður það mig að ég var ekki viðstaddur, svo að þið megið trúá." Hvað átti Jesús við með þessum orðum?




Pegar Jesús kom til Betaníu hafði Lasarus verið dáinn í fjóra daga.



Er Marta tók á móti Jesú, sagði hann, "Bróðir þinn mun rísa upp aftur." Þá sagði Marta, "Ég veit að hann mun rísa í upprisunni á efsta degi."



Hún hélt að hún mundi ekki sjá bróður sinn aftur fyrr en á efsta degi. En það var annað sem Jesús átti við.



"Ég er upprisan og lífið." Sagði Jesús við Mörtu. "Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi."




9

Marta trúði Jesú, og vissi að hann var sonur Guðs. En hvernig mundi hann nú hjálpa Lasarusi?



10

Allir voru sorgbitnir yfir dauða Lasarusar. María grét, og vinir þeirra sem reyndu að hugga hana grétu. Og Jesús grét líka.



11

Jesús fór með fólkinu til grafarinnar. Það var stór steinn fyrir grafardyrnum.



12

"Takið steininn frá!" sagði Jesús. Þá sagði Marta, "Drottinn, það er komin nálykt af honum."



13

Hann er búinn að vera þar í fjóra daga."



14




Hvítík gleði! Gráturinn breyttist í fagnaðaróp.



21

Jesús hafði staðið við orð sín og reist Lasarus upp frá dauðum. Sonur Guðs hafði endurlífgað dauðan mann.



22

Margir sem urðu vitni að þessu kraftaverki Jesú, trúðu á hann. En aðrir klöguðu hann til óvina hans - faríseanna og æðstu prestanna.



23

Af öfund og illvilja, ráðlögðu þeir að drepa Jesú. Vitandi hvað til stóð, Jesús ákvað að fara í burtu um tíma.



24

Jesús og Lasarus

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Jóhannesi 11

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

